


S Ý N I N G



Norðurljósasögur



Opnun sýningar og Kynning bókar:

föstudaginn 18. október

kl. 18:00 í Listhúsi í Fjallabyggð (Ægisdötu 10)

kl. 18:30 opnun framhaldið í Menningarhúsinu Tjarnarborg

Opnunartími:

19. og 20. 10. 2013 | kl. 14-17

24. 10. 2013 | kl. 16-18

25. 10. 2013 | kl. 14-18

Höfundar verka:

Anděl Václav (Tékkland) | Aron Ó. Árnasson (Ísland) |

Eduard Straka (Tékkland) | Fróði Brinks Pálsson (Ísland) |

Gísli Kristinsson (Ísland) | Guðbjörg Ý. Víðirsdóttir (Ísland) |

Heiðrún S. Jónasdóttir (Ísland) | Hólmfríður Vídalín Arngríms (Ísland) |

Hrönn Helgadóttir (Ísland) | Ingibjörg E. Davíðsdóttir (Ísland) |

Katrín Elva Ásgeirsdóttir (Ísland) | Kristjana Sveinsdóttir (Ísland) |

Lára Stefánsdóttir (Ísland) | Lena M. Konráðsdóttir (Ísland) |

Magnús Sveinsson (Ísland) | Ryan Wood (Kanada) |

Sigurður Ægisson (Ísland) | Úlfar Alexander Úlfarsson (Ísland) |

Vala Lárusdóttir (Ísland)

Staðsetning: Listhús í Fjallabyggð | Ægisdötu 10, 625 Ólafsfirði | www.listhus.com

Menningarhúsið Tjarnarborg í Fjallabyggð

Upplýsingar: Alice Liu 8449538 eða listhus@listhus.com

Skipulagt af



Samstarfsaðili

**Menningarhúsið Tjarnarborg
í Fjallabyggð**

Með stuðningi frá



Norðurljósasögur

Opnun sýningar og Kynning bókar:

föstudaginn 18. október

kl. 18:00 í Listhúsi í Fjallabyggð (Ægisgötu 10)

kl. 18:30 opnun framhaldið í Menningarhúsinu Tjarnarborg

Opnunartími:

19. & 20. október 2013 | kl.14-17

24. október 2013 | kl. 16-18

25. október 2013 | kl. 14-18

Staður: Listhús í Fjallabyggð | Ægisgötu 10, 625 Ólafsfirði | www.listhus.com

Og Menningarhúsið Tjarnarborg í Fjallabyggð

Höfundar verka:

Anděl Václav (Tékkland) | Aron Ó. Árnasson (Ísland) | Eduard Straka (Tékkland) | Fróði Brinks Pálsson (Ísland) | Gísli Kristinsson (Ísland) | Guðbjörg Ý. Víðirsdóttir (Ísland) | Heiðrún S. Jónasdóttir (Ísland) | Hólmfríður Vídalín Arngríms (Ísland) | Hrönn Helgadóttir (Ísland) | Ingibjörg E. Davíðsdóttir (Ísland) | Katrín Elva Ásgeirsdóttir (Ísland) | Kristjana Sveinsdóttir (Ísland) | Lára Stefánsdóttir (Ísland) | Lena M.Konráðsdóttir (Ísland) | Magnús Sveinsson (Ísland) | Ryan Wood (Kanada) | Sigurður Ægisson (Ísland)





Upplýsingar: Alice Liu 8449538 or listhus@listhus.com

Listhús er stolt af að kynna Norðurljósasögur, samsýningu listamanna um norðurljós. Sýningin samanstendur af ljósmyndum, video myndum, slides myndum, keramik verkum og verkum með blönduðum aðferðum. Þátttakendur eru listamenn bæði innlendir og erlendir, sem koma úr mörgum starfsgreinum.

Við erum jafnframt stolt af að kynna útgáfu bókar okkar Norðurljósasögur frá Tröllaskaga. Bókin inniheldur yfir 80 norðurljósamyndir teknar af 8 ljósmyndurum, ásamt hugleiðingum og minningum þeirra.

Opnunarathöfn verður 18.október kl. 18:00 í Listhús galleryí og þaðan verður farið í Tjarnarborg á hinn hluta sýningarinnar.

Um höfunda verka:

	<p>Anděl Václav (Tékkland)</p> <p>Ég bar gæfu til að uppgötva fegurð Íslands á árunum 2006-2009 þegar ég tók þátt í gerð jarðganga sem áttu að tengja tvo bæi – Siglufjörð og Ólafsfjörð. Frá fyrsta augnabliki heillaðist ég af Íslandi. Hrein náttúra, fólk sem bauð mann velkominn, falleg fjöll, sjór, eldfjöll og undurfögur norðurljós. Ísland gaf mér mikla orku. Ég minnst oft þessa tíma sem ég varðveiti í hjarta mér. Einn daginn kem ég til baka í þessa paradís.</p>
	<p>Eduard Straka (Tékkland)</p> <p>Ég er 64 ára gamall Tékki. Ég hef aðeins unnið á Íslandi að vetri til (þrisvar sinnum) og langar að koma aftur (að sumri til).</p>
	<p>Fróði Brinks Pálsson (Ísland)</p> <p>Ég er Íslendingur og bý á Siglufirði. Níu mánuði á ári eltist ég við norðurljósinn. Þess utan tek ég svarthvítar naumhyggjumyndir (minimalism).</p> <p>http://frodi-brinks.fineartamerica.com/</p>
	<p>Gísli Kristinsson (Ísland)</p> <p>Fæddur 1961 og uppalinn á Ólafsfirði. Ég hef í allmörg ár haft gaman af ljósmyndun og þá sérstaklega landslags- og norðurljósamyndatökum. Áhuginn á að mynda norðurljósinn kom fyrir nokkrum árum þegar ég var að taka þátt í ljósmyndakeppnum. Þá komu annað slagið svoléiðis myndir í keppni og mér fannst þær svo ótrúlega fallegar að ég fór að prufa mig áfram. Ég hef haldið þrjár ljósmyndasýningar: hina fyrstu á Blueshátíð í Ólafsfirði, 2005 í Tjarnarborg, landslagsmyndir; aðra 2009 í Lifthúsi í Fjallabyggð, landslags- og norðurljósamyndir og þá síðustu 2013 í Minjasafninu á Akureyri í samstarfi við Minjasafnið í tengslum við sýningu á máluðum norðurljósamyndum frá aldamótunum 1800-1900 eftir danska listmálarann Harald Viggo Molte. Ég hef tekið þátt í útgáfu á þremur ljósmyndabókum sem ljósmyndakeppni.is gaf út og tveimur sem Álka (Áhugaljósmyndaklúbbur Akureyrar) gaf út.</p> <p>http://www.flickr.com/photos/gisli_k/</p>



Hrönn Helgadóttir (Ísland)

Ég byrjaði að mynda norðurljós síðasta vetur; áður hafði ég bara fylgst með. Ég varð spennt fyrir því að fanga á ljósmynd það sem ég sá. Ég byrjaði að læra listljósmyndun fyrir tveimur árum í Menntaskólanum á Tröllaskaga og nýt þess að túlka það sem ég sé fyrir mér á ljósmynd. Ég er þrígga barna móðir svo dagarnir eru oft annasamir en fátt skemmtilegra en búa sig seint um kvöld út til að mynda norðurljós. Ég kíkí oft út um gluggann heima til að sjá hvort ljósin dansa og þegar þau birtast verð ég spennt og dríf mig út því þau geta horfið á svo stuttum tíma. Síðan kemur spenningurinn; tekst þetta eða tekst þetta ekki? Ef ég næ góðri mynd af norðurljósum fylgir því sú frábæra tilfinning að hafa tekist að fanga ævintýralegt augnablik.

<http://www.flickr.com/photos/62580744@N03/>



Hólmfríður Vídalín Arngríms (Ísland)

Ég fædd á 1954 og hef búið í Ólafsfirði í 37 ár.

Menntun: Keramikar í 22 ár. Árhus Kunstakademi Danmörku 2009-2012. Það eru 3 eliment sem þurfa að vera till staðar í mínu lífi svo ég funkeri sem listamaður. Það er: hreyfing, tónlist og nálægðin við náttúruna.

Þessir 3 þættir endurspeglast í verkum mínum. Í formi, litum og áferð.

Mitt verk samanstendur af 3 lífrænum formum (organic)

Mín inspiration eru litir: Ég leyfi mér að leika mér með litina, liti norðurljósanna sem liðast un hinininn á köldum vetrarkvöldum. Ljúf minning úr barnæsku þegar ég lá í snjónum, bjó til engil í snjónum og horfði dreymandi til himins.

hofy@centrum.is | facebook: Hofy-Art Gallery







Lára Stefánsdóttir (Ísland)

Alla ævi hafa norðurljósin heillað mig. Stóra stundin var þegar ég heyrði í þeim sindrandi hljóðið í heitum potti langt úti í sveit. Ég vissi ekki að það heyrðist í þeim fyrr en þá og varð mjög hissa. Í myndatöku minni er ég alltaf að leita að táknum og sögum hvort heldur ég mynda kletta, form, ský, norðurljós eða annað.

Veturinn er dásamlegur til myndatöku og fátt skemmtilegra en eltast við norðurljós, standa tímunum saman á kletti við hafið og bíða eftir ljósum eða myndavélinni að taka mynd af þeim. Þegar norðurljósin birtast segja þau sögur og lífið verður dásamlegt. Ekkert er betra en góð saga.

Þegar ég varð fimmtug ákvað ég að leyfa mér að læra listljósmyndun (MFA) í Academy of Art University í San Francisco og kenni þá grein í Menntaskólanum á Tröllaskaga ásamt því að vera skólameistari. Maður hættir aldrei að þroskast og dafna sem ljósmyndari og ekkert er skemmtilegra en að læra með áhugasömum nemendum.

	http://www.flickr.com/photos/lastef/
	<p>Magnús Sveinsson (Ísland)</p> <p>Fæddur 1965 á Ólafsfirði, ólst þar upp og hef verið meirihluta af lífi mínu þar. Ég er sjálfmenntaður ljósmyndari, en fékk mína fyrstu tilsögn í ljósmyndun hjá staðarljósmyndara Ólafsfjarðar, Óskari Gíslasyni. Einnig lærði ég framköllun hjá honum og vinnslu á ljósmyndum í myrkrakompu (1979). Ég fór að prufa mig áfram við norðurljósamyndatöku þegar stafrænu myndavélnar komu. Það einhvern veginn hvarflaði aldrei að manni að mynda norðurljós á filmutímabilínu.</p> <p>http://www.flickr.com/photos/magnussveinsson/</p>
	<p>Ryan Wood (Kanada)</p> <p>Er video listamaður frá Kanada. Hann er með BFA í New Media frá Ryerson University í Kanada.</p> <p>Ryan heimsótti Ísland 2012 og dvaldi í listhúsi í október. Hans sérsvið er lýsing og hann notar allskonar uppsprettur ljóss. Meðan hann dvaldi hér gerði hann vídeóið <i>Dökk Ljós</i>.</p> <p>http://www.frontierfoto.ca/</p>
	<p>Sigurður Ægisson (Ísland)</p> <p>Ég er guðfræðingur, þjóðfræðingur og rithöfundur, fæddur árið 1958 á Siglufirði og bý þar.</p> <p>Ég hef haft áhuga á ljósmyndun æði lengi, eignaðist fyrstu myndavélina þegar ég var 14 ára, Kodak Instamatic, og þá næstu þegar ég var 22 ára, Olympus OM-1. Í þá daga tók ég mest á svarthvítar filmur. Fyrsta stafræna myndavélin mín var Sony DSC-F717, sú næsta Nikon D200 og eftir það Nikon D700.</p> <p>Síðustu 10 árin eða svo hef ég einkum fengist við að mynda fugla, blóm og hvali, en veturinn 2012-2013 kynntist ég norðurljósunum í allri sinni dýrð og upp frá því hafa þau átt hug minn allan yfir dimmasta og kaldasta tíma ársins.</p> <p>http://auroraislandica.is/</p>
	<p>Katrín Elva Ásgeirsdóttir Guðbjörg Ý. Víðirsdóttir Vala Lárusdóttir Úlfar Alexander Úlfarsson Aron Ó. Árnasson Lena M. Konráðsdóttir Heiðrún S. Jónasdóttir Ingibjörg E. Davíðsdóttir Kristjana Sveinsdóttir</p> <p>Nemendur í Menntaskólanum á Tröllaskaga</p> <p>Úrgangslist er hópverkefni unnið á fjórum vikum út frá hugmyndum um norðurljós.</p>

Listhús í Fjallabyggð

Ægisgötu 10, 625 Ólafsfirði, Iceland | www.listhus.com | listhus@listhus.com